

Fundur nr 1. Mætt Lárus Heiðarsson, Else Möller og Agnes Brá Birgisdóttir.

Nýkjörinn formaður félagsins, Lárus Heiðarsson, boðaði til fundar í aðalstöðvum Skógræktar ríkisins að Miðvangi kl 18.

1. Fundur settur og stjórnarmenn komu sér saman um embætti. Lárus Heiðarsson, Skógrækt ríkisins, er sem fyrr segir formaður, Else Möller, Austurbrú, er gjaldkeri, Agnes Brá Birgisdóttir, Vatnajökulsþjóðgarði, er ritari og varamaður er Jón Loftsson fyrrum skógræktarstjóri.  
Stjórn skiptist á tenglaupplýsingum:  
*Lárus Heiðarsson, Droplaugarstöðum, 701 Egilsst. Sími. 893-0105, Netfang: [lalli@skoqur.is](mailto:lalli@skoqur.is)*  
*Else Möller, Akri, 690 Vopnafj. Sími 867-0527, Netfang [else.akur@gmail.com](mailto:else.akur@gmail.com)*  
*Agnes Brá Birgisdóttir, Eyvindará, 700 Egilsst. Sími 842-4365, Netfang: [abbirgis@gmail.com](mailto:abbirgis@gmail.com)*  
*Jón Loftsson, Stóra – Sandfelli I, 701 Egilsst. Sími 894-9530, Netfang: [jonlof@skogur.is](mailto:jonlof@skogur.is)*
2. Ný skógræktarlög: Ræddum um hvernig vinnu við ný skógræktarlög miðaði fram. Fregnir herma að ný frumvarpsdrög séu tilbúin en verði ekki lögð fyrir alþingi fyrr en sameining skógargeirans verður í höfn. Það er mikilvægt að félagið lesi yfir lagafrumvarpsdrög þegar þar að kemur og fylgist vel með framgangi lagabreytinganna.
3. Gunnarslundur: Tillaga liggur fyrir að færa vinnudag fram í september svo að fleira fólk sjái sér fært að mæta. Stjórn leggur til að tengja vinnudaginn í Gunnarslundu saman við námskeið, ráðstefnu og/eða fundi á Suðurlandi (Höfuðborgarsvæði) til að fólk utan af landi hafi ríkari ástæðu til að mæta. Nánari dagsetning á vinnudegi skipulögð í tengslum við t.d. námskeið mun koma í lok maí.
4. Námskeið: Áhugi er fyrir því að félagið haldi námskeið og ræddi stjórn hvað gæti verið áhugavert þema. Viðarfræði var m.a. nefnd í því samhengi og ákveðið að Lárus sendi spurningu til Skógfræðingafélaga um hvort þeir viti af áhugaverðum fyrirlesurum í viðarfræðum eða leggi til annað áhugavert þema. Agnes Brá ætlar að hafa samband við norskan skólafélaga sem er á leið til landsins með haustinu, en sá var að klára doktorsverkefni um „*Integrering av livsløpsanalyse og skogmodellering for analyse av miljømessige og økonomiske konsekvenser av bruk av skogbasert bioenergi i Norge*“ (*Integrating life cycle assessment and forest modelling for environmental and economic assessment of forest based bioenergy in Norway*).
5. Kynna félagið fyrir nýjum skógfræðingum: Mikilvægt er að kynna félagið fyrir nemendum í skógfræði hvort sem er innan- eða utanlands. Bæði að fá netföng og senda þeim upplýsingar um félagið og bjóða upp á reglulega kynningu á félaginu í LBH. Sú hugmynd kom upp að senda nýútskrifuðum skógfræðingum árnaðaróskir og bókagjöf. Lárus tekur að sér að vera í sambandi við LBH og fá lista yfir útskriftarnema og sendir þeim árnaðaróskir f.h. félagsmanna.

6. Netmál: Heimasíða félagsins er [www.skogfraedi.is](http://www.skogfraedi.is) og er hún vistuð í Landbúnaðarháskólanum – stjórn þótti mikilvægt að fundargerðir félagsins væru sýnilegar inn á heimasíðunni og við nánari skoðun (eftir fund) virtust þær vera þar. Einnig var umræða um hvort netfang væri virkt fyrir félagið og ákveðið að stofna slíkt ef það væri ekki fyrir hendi. En á heimasíðu félagsins eru upplýsingar um netfangið [stjorn@skogfraedi.is](mailto:stjorn@skogfraedi.is). Að lokum var rætt um að opna dropbox fyrir félagið til að auðvelda gagnaflutninga við stjórnarskipti auk þess sem dropbox væri ákveðið „back up“ á gögnum félagsins.
  
7. Næsti fundur: Ákveðinn 26. maí n.k. kl 18 að Miðvangi 2-4, Egilsstöðum.

Fundi slitið kl 19:10, ABB.